

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Lög nr. 40/1998, um breyting á lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., tóku gildi 1. ágúst 1998. Menntamálaráðherra skipaði nýja örnefnanefnd frá sama tíma til 31. júlí 2002.

Nefndin er þannig skipuð:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: Stefán Karlsson.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfisstjórnuneyti.

Varamaður: Hrafn Hallgrímsson.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: Gunnlaugur Ingólfsson.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi:

Þórhallur Vilmundarson. Til vara: Guðrún Kvaran.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kaптúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru 10 fundir í örnefnanefnd árið 2000.

Nöfn býla

Árið 2000 bárust örnefnanefnd 32 formleg erindi um ný nöfn. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 20 tilkynningar um ný nöfn býla sendar þinglýsingarstjórum en 12 málum lyktaði án slíkrar tilkynningar.

Nefndinni bárust árið 2000 fjögur formleg erindi um nafnbreytingu. Fallist var á þrjár nafnbreytingar en einu erindi var vísað frá.

Umsagnir um fyrirhuguð nöfn nýrra sveitarfélaga eða nafnbreytingu

Árið 2000 veitti örnefnanefnd umsagnir um nöfn tveggja sveitarfélaga.

Heimasíða

Árið 2000 var heimasíða örnefnanefndar (www.ismal.hi.is/ornefnanefnd.html) tekin í gagnið. Þar má finna lög og reglugerð um störf nefndarinnar, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslu, megin sjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp frá 1. ágúst 1998.

Lyngási 7, Garðabæ
12. febrúar 2001

ÖRNEFNANEFND
Ari Páll Kristinsson
formaður

Fylgiskjal:

Skrá um nöfn á býlum sem tekin voru upp árið 2000, sbr. 8. gr. laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, og reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Akurbrekka. Úr landi Stokkalækjar í Rangárvallahreppi.
Auðnir I. Nafnbreyting. Áður Auðnir, í Öxnadalshreppi.
Auðnir II. Úr landi Auðna í Öxnadalshreppi.
Austur-Meðalholt. Úr landi (fyrrum) Austur-Meðalholta í Gaulverjabæjarhreppi.
Austur-Meðalholt II. Úr landi (fyrrum) Austur-Meðalholta í Gaulverjabæjarhreppi.
Bolholt I. Úr landi Bolholts í Rangárvallahreppi.
Brún við Írafoss. Úr landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Einholt. Úr landi Syðri-Hofdala í Skagafirði.
Einholt. Úr landi Sumarliðabæjar í Ásahreppi.
Fagragerði. Úr landi Fagraness á Reykjaströnd í Skagafirði.
Flúðasel. Úr landi Högnastaða í Hrunamannahreppi.
Garðshorn. Úr landi Hjarðarness í Nesjum í Hornafirði.
Hafrafell I. Nafnbreyting. Áður Hrafnafell, í Fellahreppi.
Háhóll. Úr landi Hjarðarness í Nesjum í Hornafirði.
Hestheimar. Nafnbreyting. Áður Sumarliðabær III, í Ásahreppi.
Hraunprýði. Úr landi Geirakots í Flóa.
Lyngholt. Úr landi Breiðholts í Villingaholtshreppi.
Neðri-Ás III. Úr landi Neðra-Áss I í Hjaltadal í Skagafirði.
Orrustudalur. Úr landi Breiðholts í Villingaholtshreppi.
Seglbúðir II. Úr landi Seglbúða í Skaftárhreppi.
Skúfslækur II. Úr landi Skúfslækjar í Villingaholtshreppi.
Straumur. Úr landi Kanastaða í Austur-Landeyjahreppi.
Svínavatn II. Úr landi Svínavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi.